

Tillaga

Viðtakandi: Bæjarstjórn Mosfellsbæjar

Efni: Viðauki við samþykkt um stjórn Mosfellsbæjar vegna fullnaðarafgreiðsluheimilda hjá barnavernd Mosfellsbæjar og breyting á viðauka III um embættisafgreiðslur framkvæmdastjóra fjölskyldusviðs.

Dags: 16. janúar 2023

Málsnúmer: 202210037/0.1

Sendandi: Regína Ásvaldsdóttir, bæjarstjóri

Tillaga:

Lagt er til að bæjarstjórn samþykki breytingar á samþykkt um stjórn Mosfellsbæjar nr. 1225/2022 vegna breytinga á barnaverndarlögum nr. 80/2002 varðandi barnaverndarþjónustu og umdæmisráð barnaverndar auk breytinga á viðauka III við samþykktina um embættisafgreiðslu framkvæmdastjóra velferðarsviðs.

Greinargerð:

Vegna breytinga á barnaverndarlögum nr. 80/2002 varðandi barnaverndarþjónustu og umdæmisráð barnaverndar sem kom til framkvæmda þann 1. janúar 2023 er lagt til að bæjarstjórn samþykki breytingar á samþykkt um stjórn Mosfellsbæjar nr. 1225/2022. Breytingarnar lúta annars vegar að því að bæta umdæmisráði barnaverndar við upptalningu á þeim nefndum og ráðum sem bæjarstjórn kýs. Hins vegar að samþykkja nýjan viðauka vegna fullnaðarafgreiðsluheimilda hjá barnavernd Mosfellsbæjar, sbr. 3. mgr. 12. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002, í samræmi við 2. mgr. 42. gr. sveitarstjórnarlaga um framsal sveitarstjórnar á valdi til fullnaðarafgreiðslu mála og 65. gr. samþykktar um stjórn Mosfellsbæjar.

Samhliða gildistöku viðauka IV við samþykktina er lagt til að reglur um könnun og meðferð einstakra barnaverndarmála eða málaflokka hjá starfsfólki fjölskyldunefndar Mosfellsbæjar frá 30. október 2018 verði felldar úr gildi.

Þá eru að lokum lagðar til lítilsháttar breytingar á viðauka III við samþykktina um embættisafgreiðslur framkvæmdastjóra velferðarsviðs til samræmis við framkvæmd.

Breytingar á samþykkt um stjórn sveitarfélaga ber að ræða við tvær umræður í samræmi við 18. gr. sveitarstjórnarlaga og 15. gr. samþykktar um stjórn Mosfellsbæjar. Að umræðum loknum er samþykktin send til ráðuneytis sveitarstjórnarmála til staðfestingar og síðar birtingar í B-deild Stjórnartíðinda.

*Virðingarfyllt,
Regína Ásvaldsdóttir,
bæjarstjóri*

Fylgiskjal:

1. Breyting á samþykktum um stjórn Mosfellsbæjar nr. 1225/2022.